

110 gildi, getur bæjarstjórnin með ráði heilbrigðisnefndar veitt undanþágu frá 31., 16. ágúst. 33., 36. og 37. gr. samþyktarinnar, en þó ekki lengur en til ársloka 1912.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 16. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

111

29. ágúst.

Reglugjörð

fyrir stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt 1. gr. laga, nr. 22, 11. júlí 1911, um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um kenslufyrirkomulag skólans m. m.

I.

Um markmið skólans og skipun.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita kenslu í siglingafræði og gufuvjelafræði og undirbúa lærisveina skólans undir íslensk stýrimannapróf, hið meira og hið minna, og próf í gufuvjelafræði.

2. gr.

Lærisveinum skólans skal skift í 3 deildir: Í 1. deild skólans skulu vera allir nýsveinar; í 2. deild þeir lærisveinar, sem lesa til hins minna stýrimannaprófs, og í 3. deild þeir lærisveinar, sem lesa til hins meira stýrimannaprófs. Setja má, ef þurfa þykir, 1. og 2. deild saman í eina deild, eða flytja nýsveina í 2. deild.

II.

*Kenslugreinin, kenslustundir og leyfi.*111
29. ágúst.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: Siglingafræði, stærðfræði, íslensku, dönsku, ensku, sjórjett, gufuvjelafræði, alþjóðlegar siglingarreglur og merki, svo og einföldustu hjúkrunarreglur.

4. gr.

Vikustundir námsgreinanna:

	1. deild.	2. deild.	3. deild.
Siglingafræði		21	21
Stærðfræði	25	3	3
Íslenska	4	4	3
Danska	4	4	3
Enska	2	2	4
Sjórjettur	2	2	2
Siglingareglur og merki		1	1
Gufuvjelafræði			3
Samtals	37	37	40 stundir.

Ennfremur skal verja 2 stundum á mánuði til að leiðbeina nemendum í 2. og 3. deild um einföldustu hjúkrunarreglur þegar sjúkdóm eða slys ber að höndum.

Með samþykki stjórnarráðsins má gjöra breytingar frá ákvæðum greinarrinnar, ef sjerstakar ástæður eru.

5. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

6. gr.

Á viku hverri skulu í hverri deild stýrimannaskólans eigi vera færri en 36, og eigi fleiri en 40 kenslustundir. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en hlje milli kenslustunda 10 mínútur. Kenslustundir byrja kl. 8 árdegis.

Forstöðumaður semur stundatöflu fyrir hvert skólaár, og leggur hana undir úrskurð stjórnarráðsins.

7. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi desembermánaðar til 2. dags janúarmánaðar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á föstudag, skal byrja kensluna næsta mánudag á eftir, en beri 2. janúar upp á sunnudag, skal byrja hana næsta þriðjudag á eftir.

- 111** 29. ágúst. 2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skirdag, og til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Sumarleyfi, er nær frá afloknum burtfararprófum til 30. september.

III.

Um inntöku í skólann og inntökuskilyrði.

8. gr.

Aðgang að skólanum geta nemendur fengið hvenær sem er á kensluskeiðinu, á meðan húsrúm leyfir; svo skal þeim og leyft að fara úr skólanum, geti þeir einhverra orsaka vegna ekki haldið náminu áfram, þó eigi án mjög brýnna ástæðna fyrir 15. febrúar.

Inntökubeiðni skal vera skrifleg, stíluð til stjórnarráðsins, og afhendast forstöðumanni skólans, er kemur henni á framfæri.

9. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann eru:

1. Að umsækjandinn hafi óflekkað mannorð.
2. Að hann sje fullra 16 ára að aldri.
3. Að hann sje vel læs, sæmilega skrifandi, kunní 4 höfuðgreinar í heilum tölum og brotum og riti íslensku stórlýtalaust.
4. Að hann hafi verið í sjóferðum á þilskipi eigi skemur en 6 mánuði.
5. Að sjón hans sje svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.
6. Að hann sje ekki haldin af neinum næmum sjúkdómi, eða öðrum líkamskvilla, sem orðið geti hinum nemendunum skaðvænn.

Vottorð um atriði þessi skulu fylgja inntökubeiðninni.

IV.

Um kennara skólans.

10. gr.

Kennarar skólans eru: Forstöðumaður og tveir fastir aukakennarar, svo og þeir stundakennarar, sem stjórnarráðið skipar.

11. gr.

Forstöðumaður skal hafa á hendi allar munnlegar kenslustundir í stærðfræði og siglingafræði í 2. og 3. deild skólans; ennfremur skal hann annast þá

skriflega kenslu, sem hann getur komist yfir í sömu deildum. Þó ber honum eigi **111** að kenna meira en 5 stundir á dag, eða 30 stundir á viku. 29. ágúst.

12. gr.

Sá aukakennari, sem kennir siglingafræði, skal annast skriflega kenslu í deildum skólans; skal hann hafa svo margar stundir, sem hann getur komist yfir, en eigi ber honum þó að kenna meira en 5 stundir á dag eða 30 stundir á viku, auk verklegra æfinga úti við.

13. gr.

Sá aukakennarinn, sem hefir á hendi kenslu í gufuvjelafræði, skal kenna gufuvjelafræði í vjelfræðisdeildinni og 3ju deild skólans. Lesi engir gufuvjelafræði í 3ju deild, skal hann og kenna stærðfræði í vjelfræðisdeild, og lesi enginn vjelfræði í vjelfræðisdeild, skal hann kenna stærðfræði við skólann.

14. gr.

Til þeirrar kenslu, sem hinir föstu kennarar hafa ekki á hendi, skal ráða stundakennara eftir þörfum. Þeir, sem sækja vilja um stundakenslu, afhenda forstöðumanni beiðni um það, stílaða til stjórnarráðsins, en forstöðumaður sendir þær stjórnarráðinu ásamt tillögum sínum.

15. gr.

Sæki aðrir en Íslendingar um kenslu, verða þeir að sanna næga kunnáttu sína í málinu, því að sjálfsögðu fer öll kenslan fram á íslensku.

16. gr.

Kennarar skólans skulu dyggilega nota kenslustundirnar til að fræða lærisveinana, og láta sjer umhugað um að kenslan nái tilgangi sínum. Þeim ber jafnan að vera komnum í skólann áður en kenslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust í sína kensludeild þegar hringt er inn í deildirnar.

V.

Um stjórn skólans.

17. gr.

Forstöðumaður hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón stjórnarráðsins. Hann skal sjá um að góðri reglu sje haldið í skólanum, standa fyrir útvegnum á öllu sem skólinn þarfnast, sjá um ræstingu og viðhald á húskynnum skólans úti og inni, og hafa á hendi reikningshald hans. Við hver áramót skal hann senda stjórnarráðinu aðalreikning með fylgiskjölum yfir það, sem skólinn hefir brúkað hið liðna ár.

18. gr.

Forstöðumaður skal sjá um að í skólanum sjeu þessar bækur, og þær færðar reglulega: Prófbók, brjefabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók.

19. gr.

Að afloknum burtfararprófum skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kensluna og prófin.

VI.

Verklegar æfingar.

20. gr.

Verklegar æfingar skulu viðhafðar úti við með hinum ýmsu mælingar- og miðunaráhöldum skólans. Skulu nemendur æfðir í að gera breiddar- og lengdarathuganir, asimutathuganir, tímaathuganir og staðarlinuathuganir; eftir atvikum skulu þessar athuganir gjörðar yfir hafsbrún eða tilbúinn sjóndeildarhring. Athuganirnar skal rita í athuganabók skólans. Þar skal skýrt frá, hvenær athuganin fór fram, á hvaða stundu, nafn þess eða þeirra sem athuguðu, svo og hvað út kom við útreikninginn.

Sjerhver athugun skal skrifuð svo fullkomlega að hún verði endurreiknuð, ef vill.

Ennfremur skulu nemendur æfðir í hornmælingum milli fastra hluta á landi, svo og í því að rannsaka deviation og reikna hana út.

VII.

Um nemendur skólans.

21. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kenslustundir byrja, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, ber að tilkynna það forstöðumanni. Þeir skulu ávalt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu, neyta þar matar eða reykja tóbak. Í kenslustund mega þeir ekki fara út, án leyfis hlutaðeigandi kennara.

22. gr.

Valdi nemandi skemdum á kensluáhöldum, eða öðrum munum skólans, skal hann bæta að fullu.

Sje það fullvist að slíkar skemdir hafi orðið af völdum nemanda í einhverri ákveðinni deild, og enginn gangist við, skulu nemendur þeirrar deildar bæta skaðann í fjelagi.

23. gr.

111

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi, eða sýni ókurteisi eða óhlýðni, eða sje óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir; telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fult og alt, skal til þess fengið leyfi stjórnarráðsins.

24. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hagnað, og hvað útheimtist til að standast þau; það gefur og út fyrirmynd fyrir prófvottorðum.

Reglugjörð 30. nóvbr. 1898 er hjermeð feld úr gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 29. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Reglugjörð

112

29. ágúst.

fyrir vjelfræðisdeild stýrimannaskólans í Reykjavík.

Samkvæmt 10. gr. í lögum nr 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskípum, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur um það, hvernig vjelfræðiskenslunni við stýrimannaskólann skuli háttað, svo og um tilhögun á vjelfræðaprófi og hvað til þess útheimtist.

I.

Um markmið vjelfræðisdeildarinnar, inntökuskilyrði, kenslu o. fl..

1. gr.

Markmið vjelfræðisdeildar þeirrar, sem stofnuð er við stýrimannaskólann, er að búa lærisveina undir vjelstjórpróf.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í vjelfræðisdeildina eru:

1. Að lærisveinninn hafi óflekkað mannorð.